



34. fundur stjórnar LH 2024-2026  
3. mars 2025 kl. 17:00  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

**Mætt úr aðalstjórn:** Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Ólafur Þórisson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir.

**Mætt úr varastjórn:** Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson

**Forföll boðaði:** Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Reynir Atli Jónsson

**Fjarverandi:** Jón Þorberg Steindórsson

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

1. Samþykkt fundargerða funda nr. 32 og 33

2. Kynning nefnda:

a. *Mannvirkjanefnd – Hilmar Guðmannsson formaður*

Fundur var hjá nefndinni í síðustu viku.

Nefndin fjallaði um verkefni sem Susanne Braun er að vinna um gæði reiðvalla. Ákveðið var að boða hana á fund og fá kynningu á verkefninu. Umræða varð á fundinum um stöðu skipulagsmála í hestahúshverfum, en víða er verið að þrengja að hverfunum og reiðleiðum út frá þeim. Einnig var rætt um aðkomu björgunaraðila að hesthúshverfum. Ítreka þarf við hestamannafélögin að hafa frumkvæði að samtali við sveitarfélögin um skipulagsmál með stuðningi reiðveganeftdar og mannvirkjanefndar LH. Landsmótssvæðið á Hólum lítur vel út og vinna við velli vel á veg komin ásamt vegum inn dalinn. Mikilvægt að halda jákvæðri umræðu um mótið.

b. *Útbreiðslunefnd – Ragnhildur Gísladóttir formaður*

Formaður nefndar sagði frá stöðu verkefna í nefndinni. Nefndin er að undirbúa 1. maí, sem er alþjóðlegur dagur íslenska hestsins en nefndin stefnir að svipuðum verkefnum og og hefur verið áður gert, hvetja Hestamannafélögin til að hafa opið hús í hesthúsum og bjóða upp á einhverja viðburði, teyma undir börnum osfrv.

Nefndin fékk tilboð frá fyrirtækinu Prósent um fjórar spurningar í spurningavagn, til að kanna viðhorf almennings til ímyndar og ásjónu hestamennskunnar á Íslandi. Lögð er fram beiðni um styrk fyrir verkefninu.

*Afgreiðsla: Samþykkt að veita allt að kr. 300.000 +vsk. í verkefnið.*

3. Verkefni síðustu vikna frá framkvæmdastjóra og formanni

a. Framkvæmdastjóri hefur ásamt bókara LH verið að vinna að nýjum bókhaldslyklum, en bókhaldslyklarnir í kerfinu eru flóknir og illa upp settir. Vonir standa til að nýtt lykklakerfi auðveldi yfirsýn á fjármálunum hverju sinni.

b. Fundað hefur verið með starfsmönnum Landsmóts 2026. Annars vegar varðandi vottun/verification á eignarhaldi á merkinu/brandinu Landsmót og eignarhaldi á Meta Buisness,



ásamt Google Buisness og hins vegar varðandi sameiginleg boðskort sem send verða á næstu vikum til ráðamanna með formlegum hætti.

c. Klippingu á myndböndum frá gæðingakeppni Landsmóts 2022 og 2024 er lokið og efnið komið til RML sem sér um að birta þau í Worldfeng.

d. Þýðingar og uppfærsla á reglugerðum eftir breytingar á FEIF þingi eru í vinnslu. Tölvunefnd hefur tekið ákvörðun um að forrita í Sportfeng tímarefsingu í skeiði og grátt spjald en annað sem viðkemur nýju spjaldakerfi verður haldið utanum handvirkt þetta árið.

e. Reiðkennaralisti FEIF hefur verið uppfærður, en FEIF hefur tekið í gagnið kerfi sem birtir sjálfkrafa á FEIF-síðunni lista sem þurfa að vera forritaðir á ákveðinn hátt, þessu hafa fylgt nokkrir tæknilegir örðugleikar sem sér fyrir endann á.

f. Menntanefnd LH er að undirbúa Menntaráðstefnu LH sem gildir til endurmenntunar. Ráðstefnan verður haldin í Skagafirði dagana 23. Til 25. September 2026. Meginþema ráðstefnunnar verður gangsetning, gangskiptingar og hraðabreytingar. Verið er að vinna í fjárhagsáætlun og skráningarformi á LH síðunni.

g. Næstu skref í verkefninu Reiðskóli fatlaðra er að sækja um framhaldsstyrk til Hvatasjóðs, styrkti til sveitarfélaga og fleiri styrki til að geta haldið áfram með verkefnið. Fundað hefur verið með forsvarsmanni „Allir með“ verkefnisins sem hefur komið með gagnlegar ábendingar.

h. Starfshópur um gæðingalist hélt tvo opna knapafundi þar sem farið var yfir reglurnar og fleira gagnlegt. Fundirnir voru ágætlega sóttir og eru upptaka af fundinum aðgengileg á vefsíðu LH.

i. Æskulýðsnefnd hefur auglýst eftir umsóknum um þátttöku í FEIF youth cup. Svo óheppilega vill til að mótið hefist á mánudegi eftir Landsmót, þann 13. Júlí. Umsóknarfrestur er 20. mars.

j. Haldin hafa verið 56 mörg mót á árinu þar sem Sportfengur er notaður og flest eru skráð „lögleg“ í Sportfeng. Aðeins hefur verið skilað 6 skýrslum en skv. reglum á að skila mótsskýrslum innan sólarhrings frá mótslokum á löglegum mótum. Mótshaldarar hafa verið hvattir til að laga skráningu í Sportfeng ef mótin eru ekki lögleg, og skila skýrslum af löglegum mótum.

k. Fundur var haldinn í starfshópi FEIF um aðildargjöld landanna til FEIF, en þau eru mjög misjöfn eftir fjölda félagsmanna í hverju landi. Hópurinn var stofnaður á síðasta FEIF þingi og hlutverk hans er að finna leiðir til að jafna gjöldin milli landa.

#### 4. Starfsmannamál

- a. Hinrik Þór Sigurðsson afreks- og mótastjóri LH sagði starfi sínu lausu í lok janúar. Hann hefur verið í 80% starfi og vinnur út uppsagnarfrestinn 30. Apríl. Rætt hefur verið við Hinrik um að taka að sér 50% starfshlutfall afreksstjóra LH frá og með 1. Maí.  
*Afgreiðsla: Samþykkt að ganga frá samningi við HS í samræmi við samningsdrög sem voru kynnt á fundinum.*



- b. Lagt er til að auglýst verði eftir starfskrafti á skrifstofu sem tæki við verkefnum er varða mótahald, vefumsjón o.fl.

*Afgreiðsla: Formanni og framkvæmdstjóra falið að gera auglýsingu fyrir nýjan starfsmann.*

5. Horses of Iceland – staðan á verkefninu

Verkefnastjórn Horses of Iceland var boðuð á fund með ráðherra þar sem tilkynnt var að hætt verði að leggja til fjármagn til ríkisins til verkefnisins. Íslandsstofa leggur til að verkefnið færist til hagaðila og verði rekið þar að því marki sem fjármagn leyfir og hefur sagt upp starfsmanni verkefnisins hjá Íslandsstofu.

Verkefnastjórnin er að vinna í því að beita stjórnvöld þrýstingi til styðja verkefnið áfram þar til fundinn verður nýr farvegur fyrir það.

*Afgreiðsla: LH telur mikilvægt að halda verkefninu gangandi. Formanni falið að halda áfram samtali við hagaðila um framtíð verkefnisins.*

6. Rýmingaráætlanir í hesthúsaðverfum og frumvarp um Almannavarnir

Stjórn hefur falið Öryggisnefnd að kanna rýmingaráætlanir í hesthúsaðverfum. Öryggisnefnd mun taka málið fyrir á fundum sem fyrirhugaðir eru með lögreglustjórum í hverjum landshluta og þrýsta á að hesthúsaðverfi séu með í öllum rýmingaráætlunum sveitarfélaga.

Fyrir Alþingi liggur heildarendurskoðun á lögum um Almannavarnir en í þeim segir um rýmingar:

Gr. 39 Valdheimildir lögreglustjóra á hættustundu.

Á hættustundu er lögreglustjóra heimilt að rýma og banna dvöl eða umferð á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, þ.m.t. tiltekna fasteignir, taka í sínar vörslur hættulega muni og vísa á brott eða fjarlægja fólk.

Fyrirmælum þessum er öllum skylt að hlíta.

7. Undirbúningur fyrir Landsþing 2026 – Frestað til næsta fundar

8. Staða frá Landsliðsnefnd og Allra sterkustu

Næsti fræðslufundur landsliðshópa er mánudaginn 16. mars. Á dagskrá fundarins eru Lyfjaeftirlitið, Grímur Gunnarsson íþróttasálfræðingur og Helga Gunnarsdóttir dýralæknir og sérfræðingur í fótameinum.

Verið er að skoða Hótelbókun fyrir landsliðið á HM 2027 í Rieden í samstafi við Verditraval.

Allra sterkustu: Undirbúningur er farinn vel af stað og söfnun tolla í stóðhestaveltuna.

Landsliðsþjálfarar ásamt nefndarmönnum sjá um dagskráratröðin.

9. Erindi frá reiðveganefnd

- a. Breytingartillaga við starfslýsingu reiðveganefndar kynnt. Breytingin felur í sér skerpingu á orðalagi er varðar hluverk reiðveganefnd hestamannafélaganna annars vegar og reiðveganefndir landsvæða hins vegar.



*Afgreiðsla: Samþykkt*

- b. Nýir formenn reiðveganefnda hafa tekið til starfa á tveimur svæðum:  
Sæmundur Eyjólfsson á Vesturlandi og Víkingur Gunnarsson á Norðvesturlandi.

*Afgreiðsla: Samþykkt.*

10. Erindi frá Öryggisnefnd

- a. Lagt er til að Yvonne Tix taki sæti í öryggisnefnd.

*Afgreiðsla: Samþykkt*

- b. Lögð fram beiðni um styrk til að gera öryggisvideói um öryggi í hestaferðum,  
*Afgreiðsla: Nefndin hvött til að reyna að finna styrktaraðila til að fjármagna myndbandi.  
Beiðni samþykkt með fyrirvara um ef ekki finnst styrktaraðili.*

- c. Lögð fram beiðni um styrk fyrir 310.000 kr. ferðakostnaði við fundarferð öryggisnefndar til að funda með lögreglustjórum um landið.

*Afgreiðsla: Samþykkt*

Fundi slitið kl. 20:30